

Aðalfundur Vorstehdeildar 15.02.2017

Húsnæði HRFÍ

Formaður Birgir Örn Arnarson býður fundargesti velkomna.

Formaður Stingur uppá Kjartani Antonssyni sem fundarstjóra og Eydísi Grétu Guðbrandsdóttur sem ritara , fundurinn samþykkir einróma.

Formaður les árskýrsluna og fundurinn samþykkir hana einróma.

Heiðrun stigahæstu hunda

Í Keppnisflokk sigraði C.I.B. ISFtCh RW-14 ISCh RW-13 Heiðnabergs Bylur von Greif með 32 stig. Við óskum Jóni Garðari til hamingju með glæsilegan árangur.

Í Opnum flokk gerðist það að þrír hundar voru jafnir í fyrsta sæti með 14 stig. Það voru Isch Bendishunda Saga (Þoka), Ice Artemis Blökk, og Heiðnabergs Gleipnir von Greif sem deila með sér fyrsta sætinu eftir mikla baráttu. Við óskum Guðmundi, Björgvin og Jóni Svan til hamingju.

Í Unghundaflokk var það Veiðimela Karri sem sigraði með 14 stig, við óskum Pétri Alan til hamingju með árangurinn.

Kosning í stjórn.

Þrír voru kosnir til tveggja ára það voru þeir Gunnar Pétur Róbertson, Lárus Eggertson og Sigurður Arnet Vilhjálmsson og svo til eins árs var kosin Guðni Stefánsson, engin mótframboð voru og var klappað fyrir nýjum stjórnarmeðlimum.

Önnur mál.

Gréta bar undir fundinn tillögu um að stjórn Vorstehdeildar myndi beita sér fyrir því að breyta fyrirkomulagi á tímasetningu til að skila inn umsóknum um veiðipróf. Það þyrfti að hafa það fyrr á árinu. Veiðiprófanefnd myndi skila inn 1.apríl og að stjórn HRFÍ væri búin að svara deildinni og afgreiða umsókn fyrir 1.mai um umsókn prófa árinu á eftir.

Með þessu fyrirkomulagi komum við í veg fyrir að við séum að bjóða erlendum dómurum hingað til lands með skammarlega stuttum fyrirvara. Einnig að fólk geti séð dagskrá veiðiprófa fyrr og gert plön og skipuagt sig eftir því. Hafa þetta eins og þetta er með sýningarnar hjá félaginu, þar sem við sjáum í dag ár fram í tímann, það er dagskrá sýninga og hvaða dómara dæma fyrir 2018. Fundurinn samþykkti tillöguna einróma.

Kjartan hrósar deildinni fyrir að koma með öll samskipti við HRFÍ á heimasíðu svo deildarmeðlimir geti séð hvað stjórn er að vinna í.

Birgir lagði fram tillögu um að frá stofnun deildarinnar hefði Vorsteh deild alltaf verið með sömu prófin á heiðinni eitt að vori og eitt að hausti, og að hinar fuglahunda deildirnar myndu skipta hinum prófunum á milli sín. Það ætti ekki að bitna á Vorsteh deild þegar þörf þætti á að fækka prófum þegar nýjar deildir væru stofnaðar. Tillagan var samþykkt.

Veiðipróf mikið rædd, tímasetning, dagskrá og ýmis umræða fór fram um þau.

Mætt voru á fundinn

Birgir Örn

Guðmundur Péturs

Kjartan A

Gréta G

Jón Svan

Díana

Unnur

Einar

Lárus

Gunnar Róbert

Sigurður A

Guðni S

Björgvin

Fundi slitið kl 21.30

Ritari

Gréta Guðbrandsdóttir